

8. febrúar 1991

161

Nr. 57

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir nr. 477 27. október
1988, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Á hverju spjaldi eru 12 tölusettir kappleikir sem geta skal um úrslit á. Á spjaldinu eru einnig 4 dálkar (raðir) merktir bókstöfunum A, B, C og D, hver um sig þrískiptur þannig að fyrir hvern kappleik eru gefnir 3 möguleikar á úrslitum sem hér segir: (1) sigur þess liðs sem fyrr er nefnt (heimasigur), (x) jafntefli og (2) sigur þess liðs sem síðar er nefnt (útisigur).

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Að loknu vali á röð skv. 7. gr. er leikspjaldið afhent söluaðila sem rennir því í sölukassa sem tengdur er í beinlínutengt tölvukerfi. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á táknum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra tákna í tölvukerfinu. Þá getur þátttakandi óskað eftir að tákni hans verði valin af handahófi í sölukassa. Skal þá þátttakandi merkja í reit sem heitir „tölvuval“ og merkja síðan í annan reit sem tilgreinir þann raðafjölda sem hann óskar.

3. gr.

15. gr. orðist svo:

Verð fyrir hverja röð er 15 krónur.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingu, öðlast gildi 18. febrúar 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. febrúar 1991.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.

7. febrúar 1991

Nr. 58

REGLUGERÐ

um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og
öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.

1. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu innheimta virðisaukaskatt af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum skemmtunum, sbr. 2. gr. laga nr. 58/1970, einnig þótt

B 11

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

skemmtanaskattur sé ekki innheimtur af samkomu vegna ákvæða 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Innheimtumaður skal aðeins falla frá innheimtu ef tvímælalaust er að samkoma sé undanþeg- in virðisaukaskatti. Þeir löggæslumenn, sem annast löggæslu á viðkomandi skemmtun, skulu þegar að skemmtun lokinni afhenda samkomuhaldara virðisaukaskattsskýrslu, sem útfylla skal þá þegar í samræmi við fjölda seldra aðgöngumiða. Löggæslumenn skulu síðan innheimta á staðnum greiðslu samkvæmt skýrslunni og afhenda innheimtumanni innheimtuféð ásamt skýrslu næsta virkan dag.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu samkomuhús með fastan rekstur skila virðisaukaskatti á venjulegum gjalddögum, sbr. 24. gr. laga nr. 50/1988.

2. gr.

Innheimta skv. 1. gr. er bráðabirgðaskil virðisaukaskatts. Við skil skal útfylla virðisauka- skattsskýrslu þar sem fram kemur skattskyld velta (aðgangseyrir án virðisaukaskatts) og útskattur. Sé um innskatt að ræða vegna samkomunnar skal samkomuhaldari tilgreina hann á virðisaukaskattsskýrslu á reglulegum gjalddaga, sbr. 24. gr. laga nr. 50/1988. Á þeirri skýrslu skal vísa til fyrri skýrslu um skattskylda veltu (aðgangseyri) og útskatt.

3. gr.

Ákvörðun lögreglustjóra um innheimtu skv. 1. gr. er kæránleg til skattstjóra í því umdæmi þar sem samkomuhaldari er heimilisfastur samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 50/ 1988.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 289/1990, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 7. febrúar 1991.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.